



MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um styrkingu tengsla skóla- og frístundaráðs við skólastjórnendur

Á fundi borgarráðs 12. september 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Tillaga Flokks fólksins um að skóla- og frístundaráð styrki tengsl sín og samskipti við skólastjórnendur og almennt starfsfólk í ljósi nýútkominnar skýrslu Innri endurskoðana um úthlutun fjárhagsramma til skóla. Lagt er til af Flokki fólksins að skóla- og frístundaráð fundi með skólastjórnendum í Reykjavík. Markmiðið er að skóla- og frístundaráð komist í betri tengsl við skólastjórnendur og fólkið á gólfinu og fái að heyra frá fyrstu hendi óskir þeirra og ábendingar um hvað betur má fara. Skýrsla Innri endurskoðunar gefur sterkar vísbendingar um að skóla- og frístundaráð sé ekki og hafi ekki verið lengi í tengslum við skólanna. Of margir milliliðir eru milli skólastjórnenda, kennara, foreldra og barnanna annars vegar og stjórnvalds borgarinnar í skólamálum hins vegar. Brúa þarf þetta bil og verður það aðeins gert ef skóla- og frístundaráð fer í skólana með opnum huga og ræðir beint við stjórnendur, kennara og nemendur. Enda þótt fulltrúar allra skólahópa sitji fundi ráðsins er það ekki það sama og þau tengsl og tengingar sem hér eru lagðar til.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs leggur mikla áherslu á gott samstarf kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði við skólastjórnendur. Kjörnum fulltrúum er að jafnaði boðið að sitja fundi skrifstofunnar með skólastjórum grunnskólanna einu sinni á hvorri önn. Síðast var kjörnum fulltrúum í skóla- og frístundaráði boðið til fundar með skólastjórum 19. september 2019. Á þessum fundum gefst fulltrúum í skóla- og frístundaráði tækifæri til að hlýða á þau erindi eða kynningar sem í boði eru og taka þátt í umræðum með skólastjórnendum í grunnskólum borgarinnar.

Skólastjórar eiga fastan áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði sem situr alla fundi þess. Skóla- og frístundaráð hefur einnig haldið fundi sína á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs þar sem ráðið hefur fengið kynningu á starfseminni.

Fulltrúum í skóla- og frístundaráði er boðið að sækja ýmsa viðburði á vegum skrifstofu skóla- og frístundasviðs, s.s. ráðstefnur sem haldnar eru í samstarfi við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og verðlaunaafhendingar. Einnig fá fulltrúar í skóla- og frístundaráði gjarnan boð á viðburði í skólunum s.s. afmæli skólanna.